

Björgunarrannsókn í Hrótey í Mjóafirði

Gagnaskýrsla
Unnið fyrir Vegagerðina

Ragnar Edvardsson
Caroline Paulsen

Apríl 2008
NV nr. 10-08

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Markmið og aðferðafræði	3
3. Fornleifarannsókn í Hrótey	3
3.1 Lýsing á gröfnum einingum	4
3.2 Uppgröftur á rúst A	5
4. Niðurstöður	6
5. Viðbætur	8
5.1 Listi yfir fornleifafræðilegar einingar	8
5.2 Listi yfir jarðvegssýni	9
5.2 Skipun jarðlaga	10
6. Kort og teikningar	11
7. Ljósmyndir	16
8. Heimildaskrá	19

1. Inngangur

Vegaframkvæmdir hafa staðið yfir á svæðinu frá Eyri í Ísafirði að Hörtná í Mjóafirði. Vorið 2007 var komið að þeim áfanga að þvera Mjóafjörð um Hrótey en vitað var að fornleifarannsókn yrði að fara fram áður en að hægt væri að leggja veg yfir eyjuna. Árið 2000 fór fram fornleifakönnun og skráning minjastaða á öllu tilvonandi vegstæði. Við könnun í Hrótey fundust nokkrir minjastaðir; þrjár rústir ásamt öðrum stöðum sem sýndu þess merki að móskurður eða torfrista hafði átt sér stað fyrr á öldum í Hrótey. Allir minjastaðirnir eru fjarri vegstæðinu fyrir utan einn. Fyrir miðri eyrni er stór hóll og efst á honum er rúst en ljóst var að hún mundi lenda undir vegstæðinu. Fornleifavernd ríkisins ákvarðaði svo að fullnaðarrannsókn þyrfti að fara fram á rústinni áður en að hægt væri að leggja veg yfir hana.

Rannsóknin fór fram í september og október 2007 og stóð Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fyrir henni. Áætlað var að rannsóknin tæki 3 – 5 vikur en vegna slæms veðurs á haustmánuðum 2007, tók verkið lengri tíma en ella. Óhætt er að segja að veðráttta haustið 2007 hafi einkennst af miklum umhleyplingum og stundum var veðrið svo vont að ekki var hægt að vinna við fornleifauppgröft. Þetta leiddi til þess að uppgröfturinn stóð fram í október og tafðist um heila viku.

Að uppgreftrinum komu sex fornleifafræðingar, Ragnar Edvardsson sem stjórnaði rannsókninni, Caroline Paulsen, Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, Hákon Jensson, Inga Hlín Valdimarsdóttir og Óskar Leifur Arnarsson. Ragnar Edvardsson og Caroline Paulsen sáu svo um frágang gagna og skýrslu. Skýrsluhöfundar vilja þakka þeim sem komu að rannsókninni góð vinnubrögð og einnig á Guðbrandur Baldursson staðarhaldari í Reykjanesi sérstakar þakkir skilið.

2. Markmið og aðferðafræði

Rannsóknin hafði ekki önnur rannsóknarmarkmið en að grafa upp að fullu rúst A í Hrótey. Rannsóknin var björgunarrannsókn og miðaði að því að fá skilning á eðli byggingarinnar, þ.e. byggingaraðferð, notkun og ef unnt væri, að fá hugmynd um aldur hennar.

Við rannsóknina var beitt *single context* uppgraftrartækni, þ.e. hver fornleifafræðileg eining var teiknuð, mæld, ljósmynduð og síðan grafin í burtu. Hugmyndafræðin bak við *single context* uppgraftrartækni byggir á því að hvert mannvistarlag er fjarlægt í öfugri tímaröð. Með því er saga uppgraftrarsvæðisins skráð af nákvæmni þar til að svæðið er komið á þann tímapunkt er mannvist hófst. Með þessu fæst nákvæmt yfirlit af svæðinu og þær breytingar sem hafa átt sér stað á uppgraftrarsvæðinu í gegnum tíðina.

3. Fornleifarannsókn í Hrótey

Hrótey er staðsett í norðanverðum Mjóafirði sem liggur í suður úr Ísafjarðardjúpi (Kort 2). Austanmegin eru 115 metrar, en vestanmegin 500 metrar, milli lands og eyjar. Hún er 450 metrar á lengd og 205 metrar á breidd og snýr endum sínum í suður/norður átt.

Á eyinni vestanverðri er klettabelti sem liggur meðfram allri ströndinni þeim megin, en norðaustan er hár klettur sem nær frá norðaustur enda eyjarinnar og að miðju hennar, en eftir það lækkar landið jafnt og þétt í suður, í átt til sjávar.

Eyjan er grösug og eftir henni endilangri er mýrarfláki sem hefur myndast í lægð milli klettanna að austan og vestan. Þessi mýri ber glögg merki torfristu eða móskurðar og er augljóst að þessi rista er frá mismunandi tímum, þar sem að flákarnir eru misjafnlega vel grónir. Stærstu skurðstaðirnir eru að norðan og fyrir miðbik eyjarinnar (kort 1).

Við fornleifakönnun árið 2000 fundust nokkrar rústir; tvær fyrir miðri eyjunni með um 20 metra millibili og ein austan megin, um 40 metra frá fyrnefndum rústum. Gróðurfarslegur munur er áberandi á rústunum, og er sú rúst sem stendur austast minnst gróin og bendir það til yngri aldurs. Af þessum rústum var aðeins einni sem stafaði hætta af vegafamkvæmdunum (Ragnar Edvardsson, 2000).

Sú rúst stendur á stað einum í miðju mýrarinnar á grasi grónum hól sem stendur upp úr mýrinni og er eini þurri bletturinn á stóru svæði. Efst á þessum hól er gróin rúst, sem snýr langhliðum sínum í sömu stefnu og langhliðar eyjarinnar. Í yfirborði var rústin það gróin að erfitt var að átta sig á fjölda hólfa, en yfirborðskönnun benti til eins eða tveggja hólfa. Rústin á hólnum er um 11 x 6 metrar að stærð.

Efst á hólnum var sett út hnitakerfi og var lægsti punktur þess (SV hornið) X100/Y100, x-ásinn hækkar til austurs en y-ásinn til norður. Norðaustur horn kerfisins var X110/Y110 og var því allt rannsóknarsvæðið um 100 fermetrar að stærð. Fastur hæðapunktur var mældur inn af verktaka Vegagerðarinnar á kletti norðaustan við uppgraftrarsvæðið og var sá punktur 5.70 m.y.s.

3.1 Lýsing á gröfnum einingum

Eining 101. Yfirborðslag. Þýft gras með rót sem var yfir öllu uppgraftrarsvæðinu.

Eining 102. Skurður 2 x 4 metrar að stærð, norðaustan megin í rústinni. Snýr austur/vestur. Könnunarskurður grafinn í byrjun ágústmánaðar 2007.

Eining 103. Fyrir utan rústina, undir yfirborðslagi [101], voru steinar á víð og dreif. Þessir steinar voru greinilega hrun úr veggjum byggingarinnar.

Eining 105. Innan í rústinni, svo til fyrir miðju var svart/rauðlitað torflag sem er hluti af hruni og þá sennilega úr þaki. Sama og [108].

Eining 106. Innan í rústinni var hrunlag sem samanstóð að mestu af steinum og svipar til [103] og tilheyrir sama hrunstigi.

Eining 107. Sunnan megin í rústinni var skráð vindblásið torflag sem lá upp að veggjum sunnanmegin. Hluti af hruni byggingarinnar.

Eining 108. Svart/rautt torflag innan í rústinni. Hluti af hruni byggingarinnar.

Eining 109. Brúnleit torfblönduð mold, vindblásin. Lá í þunnu lagi yfir gólfinu.

Eining 110. Svart/grátt lag innan í rústinni. Lagið var frekar þunnt og var þykkast sunnanmegin en þynntist út til norðurs. Gólf byggingarinnar.

Eining 111. Veggir byggingarinnar. Veggirnir voru hlaðnir úr torfi og grjóti. Grjótinu hafði verið raðað upp í tvær andstæðar línur og fyllt með jarðveg á milli. Einungis voru eftir neðstu tvær steinaraðirnar. Nyrðri hluti veggjanna var að miklu leiti horfin. Horn gaflanna voru örllítið bogadregin. Inngangur var í bygginguna norðvestan megin.

Eining 112. Í suðaustur horni byggingarinnar var 1 x 1 metra grunn hola um 10 – 15 cm að dýpt. Hliðar holunnar voru hallandi og botninn flatur. Í þessari holu fundust nokkur merki um kolaleifar og ösku og er líklegt að þessi hola sé leifar eldstæðis.

Eining 113. Í suðvestur horni byggingarinnar, alveg við eldstæðið, var upphækkun eða pallur gerður úr mól. Upphækkunin var um 1 – 1.50 metrar að lengd og 1 metri á breidd. Líkleg er að þessi upphækkun sé flet.

Eining 114. Fyrir miðri byggingunni var niðurgrafnar holur og skar sú minni þá stærri. Stærri holan var um 40 sentímetrar að þvermáli en sú minni um 20. Hliðar beggja voru hallandi og báðar höfðu flatan botn. Þessar holur eru stoðarholur fyrir miðstoð sem hélt upp þaki.

Eining 115. Við vesturvegginn að innanverðu var grunn, hringlaga hola, um 40 sentímetrar að þvermáli. Holan hafði hallandi hliðar en oddmjóan botn. Óvíst er um tilgang þessarar holu en ekki var líklegt að hér sé um stoðarholu þar sem engar aðrar holur voru skráðar við veggina annarsstaðar.

Eining 116. Við norðurgaflinn var stór klöpp og í hana hafði verið höggin ferhyrnd, lítil, hola. Líklegt er að stoð hafi staðið þarna við norðurgaflinn.

Eining 117. Fíngerð mól sem lá undir allri byggingunni. Einhverskonar jarðvegs púði til að jafna undirlagið áður en að byggingin var reist.

Eining 118. Klöpp, náttúruleg.

3.2 Uppgröftur á rúst A

Yfirborð rústarinnar var talsvert þýft og gróið, þar af leiðandi reyndist erfitt að skera yfirborðstorfið [101] af rústasvæðinu. En þó var stungið upp um 100 fermetra svæði umhverfis rústina.

Í norðurenda byggingarinnar hafði verið grafinn tilraunaskurður [102], 2 x 4 metrar, í ágúst 2007. Tilgangur með skurðgreftrinum var að kanna dýpt mannvistarlaganna og reyna að fá hugmynd um eðli byggingarinnar. Niðurstaða þeirrar könnunar var að mannvistarlög voru frá 10 – 60 sentímetrar að dýpt en engin afgerandi niðurstaða fékkst um eðli byggingarinnar.

Þegar að allt torf hafði verið fjarlægð komu í ljós steinahrúgur sem lágu bæði að innan og fyrir utan rústina. Milli steinana var ljósbrún fokmold og var þetta túlkað sem hrun úr veggjum byggingarinnar [103]. Eftir að efsta hrunlagið hafði verið fjarlægð komu í ljós meira hrun [105, 106, 107, 108,]. Þessi lög voru skráð sérstaklega þar sem að augljós samsetningar munur var á þeim öllum.

Undir hruninu innan í rústin kom í ljós örþunnt torfkennt og vindblásið lag [109] og undir því var gráleitt, sumstaðar svart, lag [110] sem var gólfið í byggingunni.

Gólflagið var þunnt og þykkast sunnan megin í byggingunni en þynntist svo út þegar að norðar dró.

Eftir að gólflagið hafði verið fjarlægð kom í ljós fíngerð möl [117] sem var allstaðar undir byggingunni. Greinilegt var að mölin var ekki náttúruleg á hólnum, því að nánari skoðun á hólum í næsta nágrenni sýndi að jarðvegur lá allstaðar beint ofan á klöpp[118] og hvergi var sjáanleg mól. Því er líklegt að mölin hafi verið flutt á byggingarsvæðið til að búa til pall sem byggingin var svo reist ofan á.

Innan í byggingunni fundust merki um byggingarhluta sem tengdust byggingu og búsetu í húsinu. Tvær stoðarholur voru skráðar, sú fyrri [114] svo til fyrir miðri byggingunni og sú seinni [116] fyrir miðjum norður gaflinum. Í suðaustur enda byggingarinnar var hálfhringlaga eldstæði [112] og við hlið þess var upphækkun [113]. Líklegt er að á upphækkuninni hafi verið flet, sem var svefnstaður íbúa byggingarinnar.

Veggir [111] byggingarinnar voru byggðir beint ofan á malarpúðann og voru gerðir úr torfi og grjóti. Einungis voru ein til tvær steinaraðir eftir en þær sýndu að veggir voru þannig byggðir að tvær steinaraðir voru lagðar út, andspænis hvor annarri, fyllt á milli með jarðvegi, og síðan var lagður torfstrengur yfir. Næstu steinaraðir voru byggðar ofan á þá fyrri og svo koll af kolli þar til veggurinn var fullbyggður.

Varðveisluskilyrði á hólnum voru almennt séð mjög léleg fyrir gripi og bein. Við uppgröftinn sáust á nokkrum stöðum merki um dýrabein en öll voru þau svo illa varðveitt að ekki var unnt að taka þau. Sömuleiðis sáust viðarleifar og merki eftir járngripi en ekkert var eftir af þessu sem hægt var að fjarlægja.

4. Niðurstöður

Þó svo að rannsóknin í Hrótey flokkist undir björgunarrannsókn verður að telja hana með þeim merkilegri á sviði fornleifarannsóknna í dag. Með rannsókninni í Hrótey gafst einstakt tækifæri á að rannsaka minjar sem ekki eru í eða við bæjarstæði og þar af leiðandi voru góðar líkur á því að eðli rústarinnar væri af öðrum toga en þeirri sem tengist hefðbundnum búskap við bæjarstæði. Einnig var landfræðileg lega og stærð eyjarinnar mikilvæg þar sem að ekki var líklegt að hér væri um bæjarstæði að ræða heldur var sennilegt að mannvist í eyinni hafi fyrst og fremst tengst hlunnindum hennar.

Sagnfræðilegar heimildir benda til þess að hlunnindi Hróteyjar hafi verið af ýmsum toga. Heimild frá 13. öld segir að í eyinni hafi hrútar verið geymdir fram til brundstúðar og er sennilegt að eyjan dragi nafn af því (D.I. VII.). Í 18. og 19. aldar heimildum er talað um eggver þá einna helst söfnun kríueggja (Á.M.VII) einnig er minnst á að nægilegt fóður var hægt að fá fyrir eina kú í eyinni (Sóknarlýsing Vestfjarða II). Fornleifarannsókn sýndi að eyjan bjó yfir annarskonar hlunnindum, þ.e. mótekju eða torfristu. Byggt á þessum tveim ólíku heimildum, þ.e. fornleifa- og sagnfræðilegum, er líklegt að bygging A í Hrótey sé tengd einhverskonar seljabúskap.

Að utanmáli er rústin í Hrótey 10 metrar að lengd og 5 metrar á breidd en 7 x 2 metrar að innanmáli og húsið var byggt úr torfi og grjóti. Þykkt veggja er um 1 meter og snýr hún í göflunum í NNA og SSV og eru gaflarnir örlítið bogadregnir. Inngangur á byggingunni er norðarlega á vestur langvegg og er hann um 1 meter á breidd.

Staðsetning byggingarinnar í landslaginu svipar mjög til skálanna í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp og Aðalstræti, í Reykjavík og snýr hún í sömu áttir og þeir (Ragnar Edvardsson, 2004, Howell M. Roberts, et al. 2003). Þó er mikilvægt að benda á að lega eyjarinnar gæti einnig hafa verið ráðandi um stefnu byggingarinnar þar sem að hún snýr eins og hún.

Byggingin á það einnig sameiginlegt með skálanum í Vatnsfirði að fíngerð mól er notuð í undirstöður og bygging svo reist þar ofan á. Hróteyjarbyggingin er talsvert minni en skálarnir en að sömu stærð og sú bygging sem byggð var í skálastæðinu í Vatnsfirði eftir að hætt var við notkun hans.

Þó svo að erfitt sé að nota samanburð á tveim tegundum af byggingum sem eiga það eitt sameiginlegt að hafa verið mannbústaðir eru ákveðin einkenni sameiginleg sem erfitt er að líta fram hjá og gætu bent til þess að byggingarnar séu frá svipuðum tíma. Byggingin í Hrótey gæti því hafa verið byggð og í notkun á sama tíma og seinni byggingin í Vatnsfirðir, þ.e. 11. eða 12. öld.

Fornleifarannsóknin sýndi að húsið var greinilega mannbústaður, svart samanþjappað gólflag, samansett af kola-, viðar og lífrænum leifum eldstæði í suðurenda byggingarinnar ásamt upphækkun við hliðin á. Hvergi fundust merki um skepnuhald, jötur, o.s.frv., sem sannað gætu að húsið hafi verið skepnuhús.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda ótvírætt til þess að byggingin sé einhverskonar sel sem byggt hafi verið til tímabundnar búsetu á meðan að hin ýmsu hlunnindi eyjarinnar voru nýtt.

5. Viðbætur


5.1 Listi yfir fornleifafraeðilegar einingar

Staður	Svæði	Stig	Eining	Tegund	Lýsing	Texti	Túlkun
HRE07	A		101	Lag	Yfirborð	Torfbökur skornar í yfirborði.	
HRE07	A	1	102	Skorið	Skurður	Skurður grafinn í Ágúst 2007. 2 x 4 m að ummáli.	Tilraunaskurður
HRE07	A	2	103	Steinn	Steinn	Hrun úr veggjum að utanverður. Aðallega sunnan við rústina.	Hrun
HRE07	A	2	104				
HRE07	A	2	105	Lag	Jarðvegur	Svart/rautt torflag blandað. Skorið af [102]	Hrun innan í rústinni.
HRE07	A	2	106	Steinn	Steinn	Hrúga af steinum innan í rústinni undir 103.	Hrun innan í rústinni.
HRE07	A	2	107	Lag	Jarðvegur	Torf- vindblásið jarðlag innan í rústinni sunnan megin.	Hrun innan í rústinni.
HRE07	A	2	108	Lag	Jarðvegur	Svart/rautt torflag. Skorið af [102]	Hrun innan í rústinni.
HRE07	A	2	109	Lag	Jarðvegur	Torflönduð mold, brúnleit að lit.	Hrun innan í rústinni
HRE07	A	3	110	Lag	Yfirborð	Svart/gátt lag innan í rústinni.	Gólfslag
HRE07	A	3	111	Veggur	Steinn	Um meters breiðir veggir byggðir úr torfi og grjóti.	Veggir
HRE07	A	3	112	Skorið	Hola	1 x 1 metra grunn hola í suðurenda byggingarinnar.	Eldstæði
HRE07	A	3	113	Lag	Jarðvegur	Upphækkun í suðvestur hluta byggingarinnar.	Flet
HRE07	A	3	114	Skorið	Stoðarhola	Hola grafin fyrir miðri byggingunni.	Miðstoð
HRE07	A	3	115	Skorið	Hola	Hola grafin við vestur vegginn að innanverðu.	Óvíst
HRE07	A	3	116	Skorið	Steinn	Hola högginn í stein fyrir miðjum norðurgafli	Miðstoð við norðurgafli.
HRE07	A	3	117	Fylling	Mulningur	Fíngerð mól undir byggingunni.	Fylling til að byggja húsið á
HRE07	A	4	118	Steinn	Yfirborð	Náttúrleg klöpp undir [117].	Óhreyft


5.2 Listi yfir jarðvegssýni

Staður	Svæði	Eining	númer	Efni	Tegund	Lýsing	Texti
Hre07	A	110	1	Jarðvegur	Sýni	Jarðvegsýni til fleytingar. 5l	
Hre07	A	109	2	Jarðvegur	Sýni	Jarðvegsýni til fleytingar. 5l	
Hre07	A	112	3	Jarðvegur	Sýni	Jarðvegsýni til fleytingar. Innan úr eldstæði. Lítil poki	Sýnið var fullt af kola-, ösku og viðarleifum.
Hre07	A	103	4	Jarðvegur	Sýni	Jarðvegsýni til fleytingar. 5l	
Hre07	A	103	5	Jarðvegur	Sýni	Jarðvegsýni til fleytingar. 5l	
Hre07	A	107	6	Jarðvegur	Sýni	Jarðvegsýni til fleytingar. 5l	
Hre07	A	110	7	Járn	Sýni	Sýni til greiningar. Lítil poki.	Leifar járngríps
Hre07	A	110	8	Lífrænt	Sýni	Sýni til greiningar. Lítil poki.	Lífrænt.
Hre07	A	110	9	Viður	Sýni	Sýni til greiningar. Lítil poki.	Brenndar viðarleifar.
Hre07	A	110	10	Jarðvegur	Sýni	Jarðvegsýni til fleytingar. 5l.	


5.2 Skipun jarðlaga




6. Kort og teikningar




Teikn. 1. Rúst A í lok uppgraftrar.




Teikn. 2. Helstu byggingarhlutar hússins.



Teikn. 3. Þversnið af húsinu í Hrutey (Tilgáta).



Kort 1. Staðsetning rústa og torf- móscurðasvæða í Hrótey.



Kort 2. Staðsetning Hróteyjar í Mjóafirði.

7. Ljósmyndir



Mynd 1. Uppgröftur á suðurgafli byggingarinnar.



Mynd 2. Horft eftir austurlangvegg á meðan á uppgreftri stóð.



Mynd 3. Viðarleifar.



Mynd 4. Ummerki um torfristu eða mótekju í Hrótey.



Mynd 5. Horft í suður. Mölin í undirstöðum byggingarinnar sést vel á þessari mynd.



Mynd 7. Horft í norður. Yfirlitsmynd af uppgrafsarsvæðinu í lok rannsóknar.

8. Heimildaskrá

Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1940, *Jarðabók*, VII. bindi, Kaupmannahöfn.

Howell M. Roberts, et al. 2003, Skáli frá víkingaöld í Reykjavík, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2000-2001*, Reykjavík.

Ragnar Edvardsson 2000, *Deiliskráning vegna Vatnsfjarðarveggar í Ísafjarðarsýslu*, Fornleifastofnun Íslands, FS107-9921, Reykjavík, 2000.

Ragnar Edvardsson, 2003, *Deiliskráning vegna Vatnsfjarðarveggar í Ísafjarðarsýslu. Viðbótarskýrsla*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 5-03, 2003.

Ragnar Edvardsson, 2004, *Fornleifarannsókn í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp 2004*, Fornleifastofnun Íslands, FS249-03093, 2004

Sóknarlýsing Vestfjarða, II. bindi, Ísafjarðar- og Strandasýslur, Reykjavík 1952.

D.I., *Diplomatarium Islandicum*, VII, Hið Íslenska Bókmenntafélag, Reykjavík.